

Ed.

612. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57 frá 22. nóv. 1907 um vegi.

Nefndin er ekki mótfallin frumvarpi þessu; hún telur það í raun og veru réttmætt að landssjóður kosti flutningabrautina austur að vegamótum Grimsnessbrautar, og að Rangárvallasýsla sé leyst frá viðhaldsskyldu á flutningabrautinni milli Þjórsár- og Ölfusárbrúa.

Hinsvegar þykir nefndinni það eigi koma nógu skírt fram, sem neðri deild ætlaðist til, á hvern viðhaldsskylda sú, er Rangárvallasýsla losnar við, komi aftur, og því stingur hún upp á breytingum á síðari málsgrein 1. greinar.

Um 4. gr. er það að segja, að nefndin getur ekki fallist á að sýsluvegagjaldið sé innheimt á sama hátt og hreppa-vegagjaldið, eða að það sé gert að persónugjaldi. Hún lítur svo á, að það íþyngi um of heilsubiluðum og efnalausum mönnum, einkum þegar þess er gætt, að bæði hreppsnefnd og sýslunefnd getur, samkvæmt 20. og 24. gr. vegalaganna eða 3. gr. þessa frumvarps, verði það að lögum, hækkað gjöld þessi upp í 3 kr. til hreppavega og 3 kr. til sýsluvega.

Þá er það og álit nefndarinnar, að ákvæði 5. gr. um það, að til hreppavega megi greiða meira en hreppavega-gjaldið, ef þeir, er kosningarrétt hafa í sveitamálum »og fund sækja« samþykkja það á lögsmætum sveitarfundi, sé viðsjárvert.

Sé þessu ákvæði: »og þeirra er fund sækja« haldið, virðist nefndinni það geta orðið til þess, að hreppsnefnd með örfáum mönnum geti, þvert á móti vilja fjölda hreppsþúa, fengið samþykki til all-hárrar greiðslu úr sveitar-sjóði til hreppavega, og því leggur hún til að þessu verði breytt.

Samkvæmt framansögðu leyfir nefndin sér því að leggja það til, að háttv. deild samþykki eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR :

1. Í stað síðari málsgreinar 1. greinar komi :
Viðhaldsskylda á flutningabrautinni milli Þjórsárbrúar og Ölfusárbrúar, sem nú hvílir að $\frac{1}{3}$ á Rangárvallasýslu, sbr. 8. gr. vegalaganna staflíð d, skal frá 1. janúar 1914 hvíla að öllu leyti á Árnessýslu.
2. Orðin »sýsluvegagjald og« i 4. gr. falli burt.
3. Í stað orðsins »gjöldin« i 2. línu sömu greinar komi : gjaldið.
4. Orðin »og fund sækja« i 5. gr. falli burt.

Alþingi, 8. apríl 1911.

Kristinn Danielsson,
formaður.

Gunnar Ólafsson,
skrifari og framsögumaður.

Eiríkur Briem.